

Ár 2007, fimmtudaginn 25. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr.

S-317/2006

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson ftr.)

gegn

Aagot Emilsdóttur

(Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 20. júní 2006, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 16. maí 2006 á hendur Aagot Emilsdóttur, kt. 000000-0000, Vestur-Sámsstöðum II, Rangárþingi eystra,

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 23. febrúar 2006, ekið bifreiðinni ZX-466, austur Suðurlandsveg, uns hægri hjólbarði að framan sprakk þannig að ákærða stöðvaði aksturinn á móts við mjólkurbú MS á Selfossi, undir slíkum áhrifum slævandi lyfja að hún var ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega.“

Telur ákærvaldið brot ákærða varða við 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. lög nr. 44,1993.

Ákærða kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og upplýsti þá að hún hefði ekki talið sig hafa verið undir slíkum áhrifum slævandi lyfja að hún hafi verið ófær um að stjórna bifreið örugglega. Ákvörðun um aðalmeðferð í málinu var tvisvar frestað og fór aðalmeðferð fram þann 11. janúar 2007 og var málið dómtekið sama dag.

Af hálfu verjanda ákærðu er krafist sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Auk þess er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik:

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögreglan hafi fengið boð í gegnum Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar um ökumann sem hafi eitthvað orðið á við akstur sinn við Mjólkurbú Flóamanna. Sjúkrabifreið var einnig send á vettvang. Segir svo að þegar komið var á vettvang hafi bifreiðin ZX-466 verið kyrrstæð út við hægri vegaröxl og snúið til austurs miðað við akstursstefnu. Dautt hafi verið á vél bifreiðarinnar og hafi vinstri hjólbarðinn að framan verið vindlaus og rifa sést á honum. Ökumaður hafi verið illa áttaður og ekki getað útskýrt skilmerkilega hvað hafði gerst. Kvað ökumaðurinn eins og það hefði sprungið á bifreiðinni og honum brugðið illa. Ökumaður var færður á lögreglustöð þar sem læknir leit á ástand hans. Á meðan beðið var eftir lækni kvaðst ökumaðurinn hafa verið að reyna að kveikja sér í sígarettu áður en óhappið varð. Á lögreglustöðinni var Arnar Þór Guðmundsson læknir fenginn til að gera hæfnispróf á ökumanni. Í niðurstöðum prófsins kemur fram að meðvitundarástand ákærðu hafi verið sljótt, hún hafi verið áttuð á stað og tíma að hluta, augun hafi verið fljótandi, viðbrögð við ljósi hæg, hún hafi þurft stuðning við að ganga beint eftir línu, fingur-nef próf óruggt, skjálfti greinilegur, geðslag sljótt, hún hafi verið svipbrigðalítill, við talningu afturábak hafi verið margar villur, framburður eða málfar hafi verið eðlilegt að hluta. Í niðurstöðum álitsins segir að viðkomandi sé nokkuð undir áhrifum og ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega þar sem meðvitundarástand sé ekki eðlilegt, taugaskoðun sé ekki eðlileg, jafnvægi og viðbrögð slök og einbeiting léleg. Segir svo að áhrifin séu talin vera vegna sterkra verkja- og róandi lyfja og ekki eigi að aka undir áhrifum þeirra lyfja sem ökumaður gaf upp, sem eru Paxal 0,5 mg, 1 tafla þrisvar sinnum á dag, og Ketogan-töflur 50 mg, ein tafla þrisvar á dag, þegar þessara lyfja er neytt beggja í einu.

Beðið var um lyfjarannsókn á blóði og þvagi ákærðu þann 23. febrúar 2006 og lá niðurstaðan fyrir með matsgerð frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum hjá Háskóla Íslands þann 28. apríl 2006. Kemur fram í matinu að í blóðsýni hafi mælst díazepam 157 ng/ml, nordíazepam 371 ng/ml, oxazepam 2,3 µg/ml og demozepam 0,56 µg/ml, ketóbemidón (Ketogan®) 55 ng/ml og auk þess vottur af demetylklórdiazepoxíði. Segir svo að díazepam, klórdiazepoxíð og oxazepam séu af flokki benzódiazepína, þau hafi samverkandi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni sé þeirra neytt í lækningalegum skömmtum. Ketóbemidón sé verkjalyf af flokki ópítata og hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni í lækningalegum skömmtum, einkum í upphafi meðferðar en mikið þol geti myndast gegn verkun þess. Segir svo að styrkur díazepams sé eins og eftir lækningalega skammta en styrkur oxazepams sé mun hærri en búast megi við eftir lækningalega skammta. Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir að draga megi þá ályktun að ökumaður kunni að hafa verið undir slævandi áhrifum ketóbemidóns þegar blóðsýni var tekið. Hafi hlutaðeigandi aftur á móti tekið lyfið undir eftirliti læknis í föstum reglubundnum skömmtum og myndað þol gegn verkunum þess megi gera ráð fyrir að það hafi ekki háð honum við aksturinn. Hins vegar hafi viðkomandi verið undir töliverðum slævandi áhrifum oxazepams og díazepams og megi telja fullvíst að hann hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti þegar blóðsýni var tekið.

Skýrslur ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærða kom fyrir dóminn og sagðist hafa verið á leið frá Reykjavík að Sámsstöðum II, Rangárþingi eystra þegar óhappið varð. Hafði hún tekið inn áður

en akstur hófst, Ketogan sem sé verkjalyf og Diazepam eða Paxal. Sagðist ákærða taka um þrjár til fjórar töflur af Ketogan á dag en hún hefði ekki fundið fyrir neinum lyfjaáhrifum. Ákærða kannaðist ekki við lyfið oxazepam en sagðist á þessum tíma minna að hún hefði tekið lyfið Zopril inn við kvíða, um þrjár töflur á dag. Ákærða sagði að hún hefði verið að koma akandi frá Reykjavík og hefði verið á leið heim til sín. Þegar hún var að aka eftir Austurveginum í austur hefði dekk bifreiðarinnar allt í einu hvellsprungið og bifreiðin farið upp á umferðareyju. Ákærða taldi sig fyllilega hafa getað stjórnað bifreið á þessum tíma en henni hefði brugðið mjög mikið þegar atvikið átti sér stað. Ákærða sagðist hafa byrjað að nota róandi lyf fyrir átta árum en Ketogan hefði hún verið búin að nota í nokkra mánuði áður en atvik þetta gerðist. Ákærða sagðist taka inn í dag, þrjár töflur af Zopril, 15 mg á dag.

Vitnið Björn Eðvarð Grétarsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið sagðist hafa í umrætt sinn fengið tilkynningu á lögreglustöðina um að bifreið væri út í kanti á Austurveginum. Þegar lögreglan hefði komið á staðinn hefði vitnið rætt við ákærðu sem sat undir stýri og var greinilega illa áttuð. Sjúkrabifreið hefði einnig komið á vettvang og hefði ákærða verið leidd inn í sjúkrabifreiðina. Þar hefði niðurstaðan verið sú að ákærða væri ekki slösuð en greinilega undir áhrifum lyfja. Því hefði ákærða verið handtekin í framhaldi og færð til skýrslugjafar á lögreglustöðina. Ákærða hefði illa getað gefið skýringu á því hvað hefði gerst á vettvangi en hjólbarðinn vinstra megin á bifreiðinni hefði verið sprunginn. Eftir á hefði vitnið farið og skoðað vegsummerki og hefði mátt sjá á umferðareyju, sem væri aðeins vestar, ákomu. Taldi vitnið líklegt að bifreiðinni hefði verið ekið utan í umferðareyjuna en hjólbarðinn hefði verið með rifu á hliðinni eins og eftir högg. Vitnið sagði að þetta tilvik hafi verið það versta, í starfi þess, sem það hefði haft afskipti af varðandi lyfjaakstur. Mat vitnisins hefði verið að ákærða hefði alls ekki verið í ástandi til að aka bifreið. Vitnið sagðist hafa mikla reynslu varðandi afskipti af öikumönnum, sé menntaður sjúkraflutningamaður auk þess að hafa starfað í lögreglunni til margra ára. Því hefði lækni verið tilkvaddur á lögreglustöðina til að meta ástand ákærðu.

Vitnið Kristófer Sæmundsson, kt.000000-0000, lögregluvarðstjóri kom fyrir dóminn. Vitnið sagði að tilkynning hefði komið á lögreglustöðina um bifreið sem hefði lent í óhappi en kona sæti undir stýri og gerði tilkynnandi sér ekki grein fyrir því hvort um veikindi væri að ræða eða ekki en illa gekk að ná sambandi við konuna. Vitnið sagðist hafa reynt að ná tali af ákærðu þegar það kom á vettvang en það hefði gengið illa. Engin áfengislykt hefði verið í bifreiðinni og hefði vitnið ekki áttað sig á því hvað væri að. Vitnið sagðist hafa stutt ákærðu inn í sjúkrabifreiðina þegar hún kom á staðinn en þeim hefði helst dottið í hug að ákærða hefði fengið aðsvif. Eftir skoðun í sjúkrabifreiðinni varð ljóst að svo hefði ekki verið svo ákærða var þá handtekin og færð á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Vitnið sagði að rifa hefði verið á vinstri hjólbarða bifreiðarinnar að framan en ekkert hefði sést á felgunni. Sagði vitnið að ákærða hefði á vettvangi ekki getað gefið skýringu á því hvaðan hún var að koma eða hvert hún væri að fara. Það hafi ekki verið fyrr en eftir nokkurn tíma á lögreglustöðinni sem ákærða hefði getað upplýst um ferðir sínar. Vitnið, sem einnig er menntað sem sjúkraflutningamaður, sagðist ekki hafa séð eins slæmt ástand á öikumanni áður við kringumstæður sem þessar. Vitnið fullyrti að mat þess hefði verið á þessum tíma að ákærða væri langt í frá hæf til að stjórna bifreið. Vitnið upplýsti að sú umferðareyja sem það taldi líklegt að ákærða hefði ekið á væri um þrjú til fjögur hundruð metra til vesturs frá þeim stað þar sem ákærða

stansaði.

Vitnið Arnar Þór Guðmundsson, kt. 000000-0000, læknir kom fyrir dóminn. Vitnið sagðist hafa verið kallað til af lögreglunni til að gera klínískt mat eða hæfnispróf á ákærðu í umrætt sinn. Matið færi þannig fram að taugaskoðun væri gerð, kannað væri hversu vel einstaklingurinn væri áttaður, jafnvægi og fleira en notast væri við staðlað eyðublað. Niðurstaðan í þessu máli hefði verið að taugaskoðun, jafnvægi og samhæfing hreyfinga hefði ekki verið í lagi, ákærða hefði verið illa áttuð og nokkuð sljó. Vitnið sagði að það hefði ekki talið ákærðu geta stjórnað ökutæki í umrætt sinn. Vitnið sagðist engar upplýsingar hafa haft um lyfjasögu ákærðu en ákærða hefði upplýst vitnið um notkun á lyfjunum Paxal og Ketogan. Vitnið sagði aðspurt að notkun þessara lyfja hefðu tvímælalaust áhrif á hæfni til aksturs og neysla beggja þessara lyfja samtímis skertu tvímælalaust hæfni aðila til að stjórna ökutæki. Lyf þessi væru þríhyrningsmerkt og hvort um sig skerti hæfni sjúklings til að stjórna ökutæki. Aðspurt sagði vitnið að sjúklingar mynduðu þol gegn þessum lyfjum.

Vitnið Jakob Línal Kristinsson, kt. 000000-0000, dósent í eiturefnafræðum við Háskóla Íslands, gaf símaskýrslu fyrir dómnum. Vitnið sagði að lyfið diazepam og nordiazepam, sem væri umbrotsefni diazepam, hefðu fundist í blóði ákærðu. Einnig oxazepam, demozepam sem er umbrotsefni klórdiazepoxíðs, auk ketóbemidóns. Sagði vitnið að diazepam og oxazepam væru kvíðastillandi lyf og klórdiazepoxíð líka. Ketobemidón sé verkjastillandi lyf. Sagði vitnið að diazepam og umbrotsefni þess nordiazepam væru samvirkandi, oxazepam og demozepam verkuðu einnig með sama hætti þannig að við mat á niðurstöðum væri tekið tillit til styrks af diazepam, nordiazepam og oxazepam þannig að samlegðaráhrif þessara lyfja hefðu áhrif á matið. Lyf þessi verka slævandi á miðtaugakerfið en ekki eru til rannsóknir sem segja til hversu mikil samverkandi áhrifin séu. Sagði vitnið að diazepam og nordiazepam kæmi fyrir í þeim styrk sem mætti búast við eftir fulla skammta að læknisráði en magn oxazepam væri um það bil tvöfalt hærra en búast mætti við í lækningalegum skömmtum. Magn demozepam skipti ekki máli. Sagði vitnið að diazepam og oxazepam væru þríhyrningsmerkt og taldi vitnið að ketóbemidón væri það líka. Aðspurt sagði vitnið að einstaklingur með það magn sem mældist í ákærðu, væri sljór og gerði vitnið þá ekki ráð fyrir ketóbemidóni. Ef ketóbemidón væri tekið sér, þá væri styrkur þess heldur hærri en búast mætti við ef lyfið er tekið í lækningalegum skömmtum en þol myndast gegn því. Lyfið veldur sljóleika og með öðrum lyfjum sem fundust í ákærðu þá yki það á sljóleikann en ekki væri hægt að meta hversu mikil áhrif það hefði. Sagði vitnið að verkun þessara lyfja væri örugglega meiri en sem næmi 0,50% af alkóhóli í blóði. Hvort styrkurinn væri miklu meiri væri ekki hægt að meta með mikilli nákvæmni. Ekki væri til nein regla sem væri hægt að notast við til að bera saman áhrif þessara efna og alkóhóls. Aðspurt sagði vitnið að tekið hefði verið tillit til þess, í niðurstöðum matsgerðarinnar, að einstaklingur myndi þol gegn þeim lyfjum sem fundust í ákærðu. Vitnið sagði að lyfið oxazepam væri umbrotsefni demozepam en lyfið gengi meðal annars undir nafninu Zopril. Sagði vitnið að það magn lyfja, sem mældist í ákærðu, hefði verið það mikið að það jafnaðist á við 0,50% alkóhóls. Hefði þá ekki verið tekið tillit til magns ketóbemidóns sem yki áhrif lyfjanna hjá neytandanum.

Niðurstöður.

Óumdeilt er í máli þessu að ákærða ók bifreiðinni ZX-466 austur Suðurlandsveg að kvöldi fimmtudagsins 23. febrúar 2006 á leið sinni frá Reykjavík austur að Sámsstöðum í Rangárþingi eystra. Ágreiningur er hins vegar um það hvort ákærða hafi verið undir svo miklum áhrifum lyfja í það sinn að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið örugglega.

Vitnin Björn Eðvarð Grétarsson og Kristófer Sæmundsson lögreglumenn sem komu að ákærðu á vettvangi sögðu svo fyrir dóminum að erfitt hefði verið að ná sambandi við ákærðu í fyrstu og hún hefði ekki getað greint frá ferðum sínum þegar lögreglan innti hana eftir því. Vitnið Kristófer sagði að hann hefði þurft að styðja ákærðu yfir í sjúkrabifreið þar sem hún hefði verið völt á fótum en hann vissi þá ekki hvers vegna. Taldi hann að ákærða hefði hugsanlega fengið aðsvif eða að hún væri haldin einhverjum sjúkdómi. Báðir lögreglumennirnir sem höfðu afskipti af ákærðu á vettvangi eru menntaðir sjúkraflutningamenn og með mikla reynslu af öikumönnum, sem og líka í starfi sem lögreglumenn. Sögðu þeir báðir fyrir dómi að þeir hefðu aldrei áður séð eins slæmt tilvik þar sem grunur væri um akstur undir áhrifum lyfja.

Vitnið Arnar Þór Guðmundsson læknir skoðaði ákærðu á lögreglustöðinni stuttu eftir að akstri hennar lauk og gerði á henni hæfnispróf. Niðurstöður úr því prófi sem skipta máli við akstur voru að ákærða væri sljó, viðbrögð við ljósi sljó, hún þyrfti stuðning til gangs, líkamleg hæfni svo sem að standa á öðrum fæti og að setja fingur á nef með lokuð augu, væri óörugg, greinilegur skjálfti, málfar eðlilegt að hluta og margar villur við að telja afturábak. Ákærða hafi verið nokkuð undir áhrifum og mat vitnisins á því hvort ákærða væri fær um að stjórna ökutæki örugglega var neikvætt vegna þess að meðvitundarástand væri ekki eðlilegt, taugaskoðun væri ekki eðlileg, jafnvægi og viðbrögð væru slök og einbeiting léleg. Sagði vitnið að ákærða væri á sterkum verkja- og róandi lyfjum og ætti ekki að aka undir áhrifum þeirra lyfja, hvað þá þegar þeirra væri neytt beggja í einu. Vitnið staðfesti mat sitt fyrir dómi og sagði að ákærða hefði alls ekki verið í ástandi til að stjórna bifreið í umrætt sinn.

Í matsgerð Jakobs Kristinssonar dósents og Guðlaugar Þórsdóttur læknis kemur fram að magn oxazepam í blóði ákærðu hefði verið mikið en magn díazepam eins og eftir lækningalega skammta. Það magn sem fundist hefði í ákærðu hefði verið það mikið að hún hefði alls ekki talist hæf til að stjórna bifreið í umrætt sinn. Hefði þá ekki verið tekið tillit til magns ketóbemidóns eða Ketogans sem hafi verið mikið í blóði ákærðu en það væri slævandi lyf. Sagði vitnið að magn oxazepam, sem væri slævandi, og fyndist í lyfinu Zopril, hefði verið tvisvar sinnum herra í blóði ákærðu en eftir lækningalega skammta. Ákærða sagði fyrir dómi að hún hefði tekið lyfið Zopril á þessum tíma. Staðfesti vitnið að það magn af díazepam, nordíazepam og oxazepam hefði verið það mikið í blóði ákærðu að það samsvaraði örugglega því að ákærða hefði verið með yfir 0,50% af alkóhóli í blóðinu. Þá hefði ekki verið tekið tillit til magns ketóbemidóns/Ketogan sem hefði verið hátt í blóði ákærðu. Ákærða gaf sjálf upplýsingar hjá lögreglu um að hún hefði tekið lyfin Paxal og Ketogan þegar óhappið varð.

Af öllu ofansögðu þykir nægjanlega sannað, svo hafið sé yfir allan vafa, að ákærða ók í umrætt sinn undir það miklum áhrifum lyfja að hún gat ekki stjórnað bifreið örugglega. Hefur ákærða því unnið sér til refsingar með háttsemi sinni.

Samkvæmt sakavottorði var ákærða svipt ökurétti í einn mánuð með sátt árið 1998 hjá sýslumanninum í Hafnarfirði vegna ölvunaraksturs. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, 5. janúar 2001, var ákærða svipt ökurétti í tvö ár vegna ölvunaraksturs og dæmd til greiðslu 80.000 króna sektar. Hefur síðari dómurinn ekki ítrekunaráhrif í máli þessu. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs eins og greinir nánar í dómsorði. Ákærða skal svipt ökurétti í þrjá mánuði.

Með vísan til 165. gr. sbr. 164. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað sem er vegna lyfjarannsóknar 171.696 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 129.480 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi flutti mál þetta fyrir hönd ákærvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Aagot Emilsdóttir, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í sex daga.

Ákærða skal svipt ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dóms að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, 301.176 krónur.

Ástríður Grímsdóttir.